

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM) við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Yfirlit um starfsemi ársins 2008

Ábyrgðarmaður Sólveig Jakobsdóttir

Kynning á fundi RANNUM 11. febrúar 2009

Starfi tengdu RANNUM á árinu 2008 má skipta í eftirfarandi þætti: stofnun stofunnar, stjórnun og kynningarstarf og verkefni og áætlanir.

Stofnun stofunnar

Undirbúningur að stofnun stofunnar fór fram í Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) á skólaárinu 2007 til 2008. Fagráð í upplýsingatækni og miðlun við KHÍ hafði frumkvæði að því að stofnan yrði sett á laggirnar eftir að Torfi Hjartarson hafði borið fram tillögu þess efnis. Fagráðið ákvað að fela Sólveigu Jakobsdóttur að vera í forsvari fyrir stofnunni og undirbúningsvinnu við stofnun hennar. Kortlögð voru rannsóknarverkefni fagráðsmanna, þau sem væru í deiglu eða áhugi væri fyrir að koma af stað eða taka þátt í. Skoðaðir voru samningar KHÍ við aðrar rannsóknarstofur. Haft var samráð við Gylfa Aðalsteinsson, verkefnisstjóra rannsókna og Gretar L. Marinósson, aðstoðarrekter rannsókna. Ákvað fagráðið nafn og skammstöfun fyrir stofnuna, vann að því að setja fram markmið fyrir hana og að gerð samnings við KHÍ (sjá vef stofunnar). Þá var ákveðið að reyna að stuðla að sterkum tengslum við vettvang og að bjóða fyrrverandi og núverandi framhaldsnemendahópum við skólann stofnaðild. Sent var bréf á póstlista þessara hópa tveimur dögum fyrir stofnfund og bárust nær samstundis jákvæð svör frá fjölmörgum einstaklingum sem lýstu yfir áhuga á stofnaðild. Einnig var sent út bréf á póstlista starfsmanna KHÍ og jafnframt var nokkrum væntanlegum kollegum af tengdum sviðum úr Háskóla Íslands boðin stofnaðild. Leitað var eftir stuðningi við stofnuna sem fékkst bæði frá 3f – félagi um upplýsingatækni og menntun og Heimili og skóla. Fjöldi stofnaðila varð 34. Um fjölbreyttan hóp var að ræða: Í hópnum voru 23 konur og 11 karlar. Um helmingur (16) voru háskólakennarar (3 prófessorar, 3 dósentar, 8 lektorar og 2 adjúntar) flestir við KHÍ eða HÍ en fjórir tengdust einnig öðrum háskólum innlendum (HA, HR, LHÍ) eða erlendum (í Noregi). Þá var tæpur helmingur, eða 14 manns í doktors- (6) eða meistaranámi (8), flestir þeirra við KHÍ eða HÍ en nokkrir við erlenda háskóla (í Noregi, Bretlandi og Bandaríkjunum). Um 11 manns tengdust mismunandi skólastigum, öðrum en háskólastiginu (6 framhaldsskóla-, 4 grunnskóla- og 1 leikskólastigi). Níu stofnaðilar voru verkefnisstjórar eða í ráðgjafastöðu, m.a. í menntamálaráðuneyti eða hjá sveitarfélögum. Þorvaldur Pálmason var fenginn til að gefa ráð varðandi vef stofunnar og aðstoðaði hann ábyrgðarmann við uppsetningu vefs á <http://wp.khi.is/rannum>. Stofnan var formlega sett á laggirnar og undirritaðu Ólafur Proppé og Gretar L. Marinósson samninginn ásamt ábyrgðarmanni á stofnfundi 25.júní. Mættu vel yfir 20 manns á fundinn.

Stjórnun og kynningarstarf

Starfið lá að mestu leyti niðri fyrstu tvo mánuðina eftir stofnun stofunnar aðallega vegna leyfa ábyrgðarmanns og annarra frá lokum júní fram í ágúst. En á haustmisseri 2008 voru nokkrir fundir haldnir: 26.ágúst var haldinn fundur í fagráði í upplýsingatækni og miðlun til að ræða og setja fram tillögur um stjórnun stofunnar. Einnig var haldinn RANNUM fundur 2.september til að ræða hugmyndir að rannsóknarverkefnum og gerð tillagna vegna umsóknar Menntavísindasviðs til RANNÍS um MARKVÍS öndvegissetur (sjá nánar hér fyrir neðan). Mikilvægt þótti að vinna þá í tillögum að rannsóknarklasa sem RANNUM hefði frumkvæði að og að verkefnistillögum fyrir þann klasa. En bíða heldur með myndun stjórnar RANNUM. Hugmyndir voru settar fram í Mindmeister á vefnum. Einn fundarmanna tók þátt erlendis frá (í gegnum Skype). Þá var haldinn kynningarfundur 24.október (hringborðsumræður) um rannsóknarstofnuna á málþingi menntavísindasviðsins Listin að læra. Þar kynntu m.a. Gréta Björg Guðmundsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir doktorsverkefni sín. Samskipti fóru fram í tölvupósti og var sett upp svæði í Moodle m.a. til að auðvelda póstsendingar á hópinn og rafræn samskipti innan hans. Þá var töluverð vinna lögð í að setja gagnlegar upplýsingar fram á vef stofunnar. Nokkurt átak var gert í því fyrir fund

sem Jón Torfi Jónasson, forseti menntavísindasviðs boðaði til 14.nóvember með forsvarsmönnum rannsóknarstofa á sviðinu til að kynna sér starf þeirra og ræða þarfir.

Verkefni og áætlanir

Áætlanagerð og styrkumsóknir

Mikil vinna var lögð í gerð tillagna stofunnar vegna MARKVÍS-umsóknar til RANNÍS. Valinn var hópur til að vera í forsvari fyrir tillögnum (Sólveig Jakobsdóttir, Ágústa Pálsdóttir og Ásrún Matthíasdóttir). Fundaði hópurinn nokkrum sinnum í ágúst og september til að móta hugmynd að rannsóknarklasa sem lögð var fram 7.september. Lagði hópurinn jafnframt fram hugmyndir sínar og annarra stofnaðila að mögulegum verkefnum klasans. Finna má þessar tillögur á Moodle-vef rannsóknarstofunnar.

Sótt var um styrki til RANNÍS í rannsóknasjóð og fleiri sjóði fyrir 1.október. Var rannsóknarstofan meðumsækjandi í umsókn Gerðar Óskarsdóttur um þróun starfshátta á grunnskólum (styrkur sem var veittur í janúar 2009). Ábyrgðarmaður sendi ásamt Ágústu Páldóttur og samstarfsaðila við Minnesotaháskóla einnig inn umsókn um verkefni sem tengdist færni nemenda í grunn- og framhaldsskólum á sviði upplýsingatækni. Styrkur fékkst ekki í verkefnið úr RANNÍS en úr aðstoðarmannasjóði (haustmisseri 2008) og rannsóknasjóði HÍ (vormisseri 2009) í sama verkefni.

Kynning á Endnote og EndnoteWeb

Sett var upp EndnoteWeb vefsvæði með vísi að heimildasafni um íslenskar rannsóknir og fræðileg skrif sem tengdust upplýsingatækni og miðlun í menntun og stofnaðilum veittur aðgangur að því svæði. Auk þess sem heimildalisti úr grunninum var settur fram á vef RANNUM. Kynningarfundur á vegum RANNUM var haldinn 19.desember um notkun Endnote og EndnoteWeb. Mættu nokkrir á fundinn þar á meðal Þorbjörg Garðarsdóttir sem sýndi gerð tilvísana og heimildalista í Word 2007. Gert var ráð fyrir að halda slíku kynningarstarfi áfram.

Lokaorð

Eins og sjá má á þessari skýrslu var ýmiss konar starf í deiglunni á vegum RANNUM á fyrstu mánuðum starfseminnar. Brynt er hins vegar að koma stjórn stofunnar í fastari skorður og móta starfið og efla í framhaldi af því til að sinna sem best hlutverki og markmiðum stofunnar í samráði við stofn-, stuðnings- og samstarfsaðila.